

Félagsleg úrræði í kjölfar veikinda

Fræðsludagur á Reykjalundi 15/4 2010
Parkinsonsveikin staðfest-hvað svo?

Maggý Magnúsdóttir, félagsráðgjafi

Það sem fjallað verður um

Fjárhagslegt öryggi í veikindum

Félagsleg þjónusta sveitarfélaga

Fjárhagslegt öryggi í veikindum

Laun í veikindum

Sjúkradagpeningar frá Sjúkratryggingum Íslands

Sjúkradagpeningar frá stéttarfélagi

Örorkulífeyrir frá Tryggingarstofnun Ríkisins

Örorkulífeyrir frá lífeyrissjóði

Greiðslur frá tryggingarfélögum

Framfærsla sveitarfélaga

Veikindalaun

Laun frá atvinnurekanda í veikindum geta verið allt að tólf mánuðir hjá þeim sem vinna hjá hinu opinbera, en allt að sex mánuðir hjá einkafyrirtækjum.

Sjúkradagpeningar

Þegar launagreiðslur falla niður taka við sjúkradagpeningar frá SÍ og stéttarfélagi

Sjúkradagpeningar frá sjúkrasjóði stéttarfélags eru allt að 80% af launum

Sjúkradagpeningar frá SÍ eru greiddir í eitt ár

Samanlagt greiðslutímabil sjúkrasjóðs stéttarfélags og launa er yfirleitt ekki lengra en eitt ár

Læknisvottorð og umsókn

Styrktarsjóðir

Stéttarfélag eru einnig með styrki vegna ýmissa útgjalda sem tengjast heilsu

Hver sjóður er með sínar reglur en margt svipað

Hægt að sækja um slíka styrki jafnt í veikindaleyfi sem og í fullri vinnu

Endurgreiðsla gegn kvittun. Styrkir úr styrktarsjóðum eru skattskyldir.

Lífeyrir

Lífeyrir frá TR (örorku- og endurhæfingarlífeyrir)

Örorkustyrkur (75% af grunnlífeyrir)

Örorkulífeyrir frá lífeyrissjóði (sjálfstætt mat)

Hver lífeyrissjóður er með sínar reglur en margt svipað

Umsókn fer í þann lífeyrissjóð sem síðast greitt til

Almennt ekki borgaður örorkulífeyrir úr lífeyrissjóði fyrr en veikindin hafa varað í 6 mánuði og það stefnir í vinnulok að hluta eða að fullu.

Lífeyrir - framhald

Hægt að sækja um skertan örorkulífeyri til lífeyrissjóða ef orkutapið er 50% eða meira.

Fyrstu 3 – 5 árin eftir orkutapið er örorkumatið miðað við vanhæfni sjóðsfélaga til að gegna því starfi sem hann hefur gegnt og veitti honum aðild að sjóðnum.

Eftir þann tíma miðast örorkumatið við vanhæfni sjóðsfélaga til almennra starfa.

Réttur til örorkulífeyris stofnast aðeins ef sjóðsfélagi hefur orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.

Læknisvottorð og umsókn.

Framreiknun?

Með framreikningi er bætt við áunnin lífeyrisréttindi, þeim réttindum sem reikna má með að viðkomandi hefði öðlast til 65 ára aldurs miðað við meðaltal réttinda síðustu þrjú árin áður en örorka átti sér stað.

Örorkulífeyrir verður aldrei hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðsfélagi hefur orðið fyrir vegna örorkunnar / orkutapsins.

Skerðingar á lífeyrisgreiðslum frá TR

- Atvinnutekjur, greiðslur úr lífeyrissjóðum og fjármagnstekjur hafa mismunandi áhrif á útreikning réttinda
- Örorkulífeyrisþegar geta unnið fyrir hærri tekjum án skerðingar á tekjutryggingu en ellilífeyrisþegar
- TR - reiknivél lífeyris
- Munum að ýmiss réttindi fylgja örorkumati TR og örorkustyrk eins og lægri læknis,lyfja og þjálfunarkostnaður sem og útgjöld til hjálpartækja þó ekki sé greiddur lífeyrir

Ávinningur af því að vera í vinnu...

Er bæði félagslegur og fjárhagslegur.

Félagslegur: Að hafa hlutverk, dagsrytma, vinnufélaga og taka þátt í samfélaginu á mjög viðurkenndan hátt.

Fjárhagslegur ávinningur...

Örorkulífeyrirspegi sem er í hlutavinnu er alltaf betur settur fjárhagslega en sá sem er einungis með lífeyrir, þrátt fyrir tekjutengingar og samreikning á milli TR og lífeyrissjóðsins.

Hann er með hærri “tekjur” á mánuði, borgar áfram í lífeyrissjóð og bætir stöðu sína sem ellilífeyrispegi.

Hvert sný ég mér?

Einstaklingurinn þarf að nálgast sín réttindi sjálfur.

TR sendir verðandi ellilífeyrispegum gott upplýsingarit sem heitir “Áfram veginn” þegar heldriborgaraaldurinn nálgast

Best að leita upplýsinga þar sem umsóknir eru afgreiddar

TR og SÍ hafa bætt sína upplýsingaþjónustu
Heimasíður: www.tr.is og www.sjukra.is

Hægt að fá viðtal hjá félagsráðgjafa á TR og umboðsmenn TR út um land veita góðar upplýsingar.

Sjúkrasjóðir og lífeyrissjóðir eru líka með fólk sem veitir upplýsingar
- og aðstoðar

Tryggingarfélög

Tryggingarfélög greiða fyrir varanlega örorku
- eingreiðsla

Fyrir tímabundna örorku
- dagpeningar

Oft greiddir dagpeningar þegar ekki er búið meta örorkuna

Félagsleg þjónusta í heimabyggð

- Lög um félagslega þjónustu. Þjónustumiðstöðvar í Reykjavík og félagsleg þjónusta í sveitarfélögum.
- Skipulögð þjónusta, m.a. fyrir fólk sem missir heilsuna. Hér er hægt að nefna tímabundna framfærslu, félagslega heimþjónustu (heimilishjálp – og hjúkrun), iðjuþjálfun, félagsráðgjöf, ferðaþjónustu, lækkun fasteignaskatta, félagsmiðstöðvar og fl.
- Fjölbreyttari þjónusta hjá sveitarfélögum sem fara með málefni fatlaðra og oft meiri samvinna á milli þjónustuaðila.
- Upplýsingar veittar hjá þjónustuverum sveitarfélaga og hjá heilsugæslu.

Annað sem skiptir máli í veikindum

Fjölskyldunetið og vinir

Félagið ykkar

Önnur áhugamannafélög þar sem fólk getur bæði tekið þátt, verið í góðum félagskap og lagt af mörkum eftir áhuga og færni.

Takke fyrir